

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.
nefnasvid@althingi.is

**Umsögn Bandalags íslenskrá skáta um frumvarp til laga um náttúruvernd
(heildarlög), 429. mál.**

Bandalag íslenskra skáta (skammstafað BÍS) eru landssamtök skátafélaga og annast öll sameiginleg málefni þeirra. Skátahreyfingin eru æskulýðssamtök.

Markmið skátahreyfingarinnar er að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Allt starf skáta grundvallast á skátáheitinu og skátalögunum. Eitt ákvæði skátalaganna hljóðar svo: Skáti er náttúruvinur. Í samræmi við það hafa skátar í rúma öld kennt börnum og ungmönnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umgangast hana á þann hátt að ekki hljóti spjöll af.

Einn hluti skátaaðferðarinnar, þ.e. þeirra leiða sem notaðar eru til að ná markmiðum hreyfingarinnar er útilíf. Því er skátum mikilvægt að ekki sé skertur réttur þeirra til að ferðast um land, vatn eða haf, dveljast þar og nýta þar á ferðalagi sínu gögn og gæði.


Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi að náttúruverndarlögum virðist réttur almennings til að ferðast fótgangandi vera rýmkaður nokkuð frá núgildandi lögum og er það vel. Að sama skapi er ekki að sjá að önnur ákvæði frumvarpsins er lúta að umferðarrétti hafi þau áhrif að það takmarki möguleika skáta til að njóta útivistar eða stunda hefðbundin skátastörf frá því sem nú er. Þá er rétt að fagna því nýmæli sem kemur fram í frumvarpinu að heimild landeigenda eða rétthafa til að takmarka eða banna för manna og dvöl á afgirtu óræktuðu eignarlandi í byggð sé bundin við sérstök tilvik þegar það er nauðsynlegt vegna nýtingar landsins eða verndar þess, en borið hefur við að landeigendur hafi viljað takmarka aðgengi að áhugaverðum áningastöðum eða gönguleiðum með tilheyrandi ama fyrir skáta sem og aðra ferðamenn.

Réttur almennings til að dveljast í tjöldum er tryggður, þó þannig að réttur til að reisa tjöld sem eru stærri en lítil göngutjöld utan alfaraleiðar er takmarkaður. Slíkt kann að valda skátum óhagræði þar sem það þekkist þegar flokkar skáta fara um utan alfaraleiðar, að gist sé í litlum göngutjöldum en slegið upp sameiginlegu matar- eða hóptjaldi. Vandséð er hvert markmiðið er með banni við stærri tjöldum utan alfaraleiða þar sem ekki verður séð að slík tjöld séu frekar til þess fallin að valda náttúruskemmdum eða valda ónæði. Almennt varúðarákvæði 6. gr. frumvarpsins um að „öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt.“, ætti að duga til að tryggja að slík tjaldáning skaðaði ekki náttúru landsins. Hafa ber hér í huga að „bruni“ gróðurs undan tjalddúki margra lítilla tjalda eða átroðningur við inngang þeirra kann að vera síst minni en við eitt stórt tjald.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins tryggja rétt skáta sem annarra ferðamanna til að tína ber, sveppi, fjallagrös, jurtir og fjörugróður og neyta á vettvangi eins og nú er heimilt.

Það er mat skáta frumvarpið sé almennt til þess fallið vernda náttúru landsins án þess þó að réttur ferðamanna til að njóta útivistar sé skertur þannig að það hafi áhrif á ferðamennsku og náttúrskoðun skáta. Skátar fagna sérstaklega að reynt sé að fremsta megni að tryggja að náttúra landsins fái að njóta vafans og reynt sé eftir föngum að vernda hana þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirrar lífsgæða að fara um og dveljast í óspilltri náttúru Íslands.

Með skátakveðju,



Bragi Björnsson,
skátahöfðingi.